




HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA
UNIVERSITY CENTRE OF THE WEST FJORDS

HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA

FRAMTÍÐARSÝN



Framtíðarsýn

Háskólaþing Vestfirjar bjóvar Vestfirðingum með því að veita fyrsta flokks þjónustu við fjarnema við innlenda og erlenda háskóla til að auðvelda þeim fjarnámið. Háskólaþing Vestfirjar mun bjóða upp á frumgreinanám.

Háskólaþing Vestfirjar býður hágæða nám á meistarastigi sem stentst alþjóðasamanburð á fjölbreyttum sviðum sem öll tengjast málefnum hafs og strandsvæða. Háskólaþing byggir upp eftirsóknarverðar námsleiðir, sem laða að innlenda og erlenda nemendum. Hver námsleið verður í samvinnu við þann innlenda eða erlenda háskóla, sem hefur besta orðsporid í viðkomandi grein og er vænlegur til samvinnu. Þegar Háskólaþing er orðid sjálfstæður háskóli, mun það áfram sækja eftir samvinnu við innlenda og erlenda háskóla til að tryggja gæði námsleiða sinna og aðsókn mjög hæfra umsækjenda.

Auk staðbundinna námsleiða býður Háskólaþing upp á stök námskeið á háskólastigi, svo sem sumarháskóla og Travel Study Programs, styður við rannsóknarstarf og er tengiliður námsmanna og rannsóknarstofnana, innan svæðis og utan, sem vilja vinna verkefni á háskólastigi á Vestfirjörðum.

Markmið: BrainGain í stað BrainDrain

Hækka menntunarstig þeirra, sem búa þegar á Vestfirjörðum

- Með fjölbreyttu úrvali náms í innlendum og erlendum háskólum gegnum fjarnám
- Með því að veita fyrsta flokks þjónustu og auðvelda Vestfirðingum aðgengi að fjarnámi
- Með því að bjóða frumgreinanám – hraðferð til inngöngu í háskóla

Hækka menntunarstig almennt með því að laða að fólk með menntun

- Með því að bjóða nám á meistarastigi á Vestfirjörðum
- Með einstökum námskeiðum á háskólastigi

Auka fjölbreytni atvinnutækifæra á Vestfirjörðum

- Háskólaþing mun sem vinnustaður fjölga atvinnutækifærum menntaðs fólks á Vestfirjörðum
- Aukin rannsóknarstarfssemi fjölgar atvinnutækifærum
- Fjöldi námsmanna í 1-4 vikna dvöl á Vestfirjörðum stuðlar að betri nýtingu á þjónustu á svæðinu og fjölgar þannig tækifærum
- Háskólaþing styður rannsóknarstofnanir í að laða að starfsmenn

Styðja rannsóknarstofnanir á svæðinu

- Með stuðningi við umsóknargerð í stærri sjóði á alþjóðavísu
- Með þjónustu og aðstöðu fyrir rannsóknarnema
- Eykur möguleika stofnana á að ná í hæft starfsfólk með því að blanda saman rannsóknnum og kennslu

Stuðla að bættari ímynd svæðisins

- Með því að byggja upp eftirsóknarvert nám sem laðar að innlenda og erlenda nemendum
- Með því að bjóða hágæða háskóla- og rannsóknarumhverfi

Fjarnám við aðra skóla

Háskólaþing Vestfirjar mun áfram annast þjónustu við námsmenn í fjarnámi við aðra skóla. Möguleikar til fjarnáms aukast stöðugt og gera má ráð fyrir að þjónusta við fjarnema verði svipuð eða meiri en nú er.

Frumgreinanám

Kennsla í frumgreinanámi hefst við Háskólaþing Vestfirjar í janúar 2008. Frumgreinanám er einkum ætlað Vestfirðingum sem ekki hafa stúdentspróf en vilja komast í háskólanám. Um er að ræða nám sem er lánshæft hjá LÍN.

Vettvangsskólar / Travel Study Programs

Háskólaþing Vestfirjar leggur metnað í að laða til Vestfirjar skólahópa með því að bjóða áhugavert námsefni sem tengist rannsóknnum, náttúru og mannlífi Vestfirjar og Íslands. Háskólaþing býður vettvangsskólum að velja úr dagskrám sem til eru eða að sérsníða dagskrá fyrir hvern hóp ef óskað er. Meðal þess sem vettvangsskólum verður boðið uppá eru einstök fög í staðbundna náminu.

Sumarháskólar

Sumarháskólar og önnur sérhönnuð námskeið hafa verið í boði frá 2006, öll námskeið einingarþær við háskóla. Stefnt er að auknu framboði þar sem samstarfsaðilar eru fyrir hendi og eftirspurn er góð. Til að mynda er stefnt að stóru auknu hlutverki í íslenskukennslu á háskólastigi fyrir erlenda námsmenn á næstu árum.

Endurmenntun / einstakir kúrsar

Allt staðbundið nám við Háskólaþing Vestfirjar verður í 3ja vikna lotum. Það gefur mikla möguleika á að nemendur geti tekið þátt í stökum námskeiðum sem sérstaklega vekja áhuga þeirra. Þetta getur hentað vel til dæmis fyrir skiptinám eða endurmenntun.

Háskóli Hafsins

Háskólaþing Vestfirjar hyggst einbeita sér að málefnum hafsins og strandsvæða almennt. Kennsla tengd hafrannsóknnum, loftslagsmælingum, hafstraumarannsóknnum og umhverfisrannsóknnum á sviði hafs og strandsvæða verða meðal sviða sem Háskólaþing sérhæfir sig í, enda starfa þær rannsóknarstofnanir, sem eru á svæðinu, flestar við þessar rannsóknir. Auk þess er líklegra að nemendur með þessa sérhæfingu vilji dvelja hluta náms síns á Vestfirjörðum. Námsleiðir við HSvest mynda þannig eina heild, Háskóla Hafsins.

Áætlaður fjöldi nemenda

Meistaránám

Á hverri námsleið stunda 15-20 námsmenn nám. Fimm námsleiðir á árinu 2011 væru 80-100 heilsársnemar á framhaldsstigi. Við þetta bætast þátttakendur í sumarnámskeiðum. Námsmenn í námsleiðunum munu í sumum tilfellum eiga sitt lögheimili á Vestfjörðum, sumir koma með fjölskyldu. Utanaðkomandi kennarar dvelja í styttri tíma á Vestfjörðum.

Travel Study Programs/Endurmenntun

Einstök námskeið verða í boði til Travel Study nema – 100-200 manns á ári í 1-3 vikur hver hópur. Fólk sem tekur einstök námskeið, sér til endurmenntunar: 20-100 manns á ári, 1-3 vikur hver.

Sumarháskólar

Til dæmis íslenskunám á háskólastigi ætlað erlendum skiptinimum: 100 manns á ári í 2-4 vikur hver.

Frumgreinadeild

15-30 heilsársnemendur af Vestfjörðum á ári.

Fjarnemar

Um 150 fjarnemar af Vestfjörðum stunda nám við háskóla innanlands.

Fjöldi nema við Háskólasetun Vestfjarða 2008-2011

Námsleiðir	2008	2009	2010	2011	Ígildi heilsársnema 2011
Mastersnám	30	50	70	90	90
Endurmenntun/einstakir kúrsar	20	90	90	90	5
Travel Study Programs/Field Schools	100	100	100	100	6
Sumarnámskeið/Íslenska	80	100	100	100	8
Frumgreinanám	30	30	15	15	15
Umsjón Fjarnáms v/aðra háskóla	150	150	150	150	150
Samtals – einstaklingar í námi	410	520	525	545	274

Árið 2011 er samkvæmt þessu gert ráð fyrir að hér verði rúmlega 500 einstaklingar í háskólanámi af einhverju tagi, sem samsvarar um 274 heilsársnemum. Hér er ekki talinn með rannsóknarþáttur og sú starfssemi sem fylgt getur þeim stofnunum.

Starfsmenn

Þó að gert sé ráð fyrir að kennarar verði að miklu leyti stunda-kennarar frá rannsóknarstofnunum á Vestfjörðum sem og frá innlendum og erlendum háskólum, er þörf fyrir aukinn fjölda starfsmanna í stjórnsýslu og kennslu við Háskólasetrið. Til samanturðar má nefna að við Háskólasetrið á Svalbarða með um 350 nemendum á ári eru um 20 starfsmenn í stjórnsýslu og um 20 fastráðnir kennarar auk stundakennara. (sjá www.unis.no)

Húsnæðismál

Miðað við áætlaðan fjölda nemenda þarf starfssemi Háskólaseturs mun stærra húsnæði. Þörf er á 10-12 kennslustofum, stórum fyrirlestrarsal, skrifstofuaðstöðu fyrir um 40 manns, aðstöðu fyrir hópavinnu, lesaðstöðu og aðstöðu fyrir doktorsnema. Þá er ónefnd mótuneytisaðstaða, móttökuaðstaða og fleira.

Markhópar

Vestfirðingar

- Fjarnám og endurmenntun
- Frumgreinanám
- Námskeið

Íslendingar og útlendingar

- Námsleiðir á meistarástigi
- Skiptinám
- Einstök námskeið
- Sumarháskólar
- Travel Study Programs

Rannsóknarumhverfi

- Samræming
- Stuðningur
- Tengslanet

Einkenni námsleiða HSvest

- Hágæða meistaranám í samvinnu við háskóla eða háskólanet.
- Þverfaglegt nám þar sem við á.
- Alþjóðlegt nám og kennt á ensku, þar sem við á eða nauðsynlegt er.
- Færir háskólakennarar fengnir innanlands og utan einnig kennarar búsettir á Vestfjörðum í þeim mæli sem mögulegt er. Lögð verður sérstök áhersla á gæði kennslu.
- Allt nám kennt í þriggja vikna lotum, hvert námskeið (3v) er 6 ECTS.
- Hver námsleið verði 120 ECTS á fjórum misserum, þar af 30-60 ECTS lokaritgerð og 60-90 ECTS kenndar á 12 mánuðum.
- Inntak námsleiðanna tengist hafinu og strandsvæðum/strandbyggðum í viðari merkingu. Háskólasetur marki sér sérstöðu sem Háskóli Hafsins.

Dæmi

- Haf- og strandsvæðastjórnun (Coastal and Marine Management). Alþjóðleg, þverfagleg námsleið á meistarástigi í samvinnu við Háskólann á Akureyri. 120 ECTS, kennt í þriggja vikna lotum með vestfirskum, íslenskum og erlendum gestakennurum. Innritun, útskrift og þar með gæðaeftirlit er hjá HA, námið fer alfarið fram á Ísafirði.

Hefst í september 2008

- Fleiri námsleiðir eru í undirbúningi.

Námsleiðir við Háskólasetur Vestfjarða verða:

Á meistarastigi

Sérhæfing náms er meiri á framhaldsnámsstigi og því er líklegra að Háskólasetur Vestfjarða geti betur keppt um hylli námsmanna í meistaranámi en í grunnnámi. Gæði í meistaranámi eru sýnilegri en í grunnnámi og meistaranemendur eru líklegri til að kunna að meta þau en nemendur í grunnnámi.

Sérhæfðar námsleiðir, kenndar á ensku

Sérhæfðar námsleiðir á meistarastigi þurfa töluvert stærra upptökusvæði, en höfða um leið líka til erlendra námsmanna. Í mörgum tilfellum er tvísýnt að lágmarkspátttaka fáiast í námið á íslensku. Alþjóðlegt nám er þó langt frá því einungis neyðarlausn til að ná til erlendra námsmanna. Alþjóðlegt nám eykur samvinnu og samanburð við það besta sem gerist í viðkomandi grein. Það gefur tækifæri að fá þekktu og sérhæfða kennara á alþjóðavísu til að taka að sér hluta af kennslunni og eykur aðsókn námsmanna svo hægt er að velja þá hæfustu hverju sinni í viðkomandi námsleið.

Í þriggja vikna lotum

Þó að margir færir vísindamenn séu starfandi á Vestfjörðum, ekki síst hjá rannsóknarstofnunum á svæðinu, mun einnig alltaf vera þörf á að fá utanaðkomandi kennara. Um leið opnast möguleikinn að fá kennara, sem laða að námsmenn – og aðra kennara. Það er ólíklegt að háskólakennarar, sem hafa alþjóðleg metorð, muni flytja á Vestfirði alveg strax. Það er hins vegar raunhæft að ætla að fá hingað góða og reynda kennara í styttri lotur og þar á meðal nokkur stór nöfn, sem draga athygli að náminu.

Í samstarfi við háskóla

Háskólagráða byggir á trausti. Bæði innra gæðaeftirlit háskólanna og þær kröfur sem eru settar á landsvísi og á alþjóðavísu, miða að því að tryggja gæði. Þetta gerir nýjum, litlum háskólum erfitt fyrir að hasla sér völl. Öflugur stuðningur innanlands getur skapað traust á vinnumarkaði innanlands, en á alþjóðavísu er samstarf við viðurkennda háskóla mjög mikilvægt. Því hlýtur Háskólasetrið að sækjast eftir þess háttar samstarfi, hvort sem hann er sjálfstæður háskóli eða ekki.

Háskóli Hafsins

Vestfirðir búa yfir 33% strandlengju Íslands, þeir hafa ætíð verið og eru enn nátengdir hafinu og sjávarútvegi. Vætanlegum nemendum og kennurum mun því þykja sjálfsagt að koma til Ísafjarðar á nám tengt hafinu. Um leið skapar Háskólasetrið sér sérstöðu og ímynd innanlands og erlendis.

Ávinningur af uppbyggingu háskólastarfsemi

Hlutverk Háskólaseturs Vestfjarða er að vera miðstöð sköpunar og miðlunar á þekkingu á Vestfjörðum. Samkeppnishæfni samfélagsins á Vestfjörðum eykst með aukinni hæfni einstaklinga og fyrirtækja til að nýta þekkingu til framfara. Þekkingarsköpun er mikilvæg Vestfirsku samfélagi og því vill Háskólasetur Vestfjarða byggja upp kraftmikið alþjóðlegt háskólasamfélag sem byggir á tengslum okkar við hafið.

Með öflugri uppbyggingu háskólasamfélags á Vestfjörðum gefst einstakt tækifæri til að auka lífsgæði í vestfirsku samfélagi til framtíðar. Háskólasamfélag þýðir aukin lífsgæði til handa einstaklingunum sem fá þar aukna þekkingu, háskólasamfélag þýðir einnig aukna þekkingu innan fyrirtækja sem eykur arðsemi þeirra og opnar þeim fleiri tækifæri.

Fjöldi námsmanna sem kemur til Vestfjarða til lengri eða skemmri dvalar hefur óhjákvæmilega áhrif á samfélagið. Áhrifin munu verða sýnileg í aukinni nýtingu á þjónustu svo sem flugi, gistingu og fleira. Áhrifin munu verða í mannlífi, menningarlífi og ekki síst í stuðningi við atvinnulífið, auknu framboði á niðurstöðum rannsókna sem nýtast fyrirtækjum á ýmsan hátt og ýmsu fleira.

Beinar tengingar við háskóla um allan heim, koma nemenda og þátttaka þeirra í samfélagi okkar, menningu og atvinnulífi opnar fjölmargar dyr. Alþjóðlegt háskólasamfélag opnar Vestfirðingum heiminn.



Háskólasetur Vestfjarða
Suðurgötu 12
400 Ísafirði
Sími: 450-3040
www.hsvest.is
info@hsvest.is